

A 1781/hállbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um
**þingmannatillögu
um loftslagsvænan byggingariðnað á Norðurlöndum**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að þróa sameiginlegt kerfi fyrir stafræna væðingu gagna í því skyni að bæta kortlagningu á og eftirfylgni vegna úrgangs sem til fellur við byggingu og niðurrif mannvirkja á Norðurlöndum;

að þróa hvata til að umbuna byggingaraðilum fyrir auðlindanýtni við nýbyggingu og endurbyggingu mannvirkja, auk þess að efla sjálfbæra notkun á viði sem byggingarefni og umbuna byggingaraðilum í auknum mæli fyrir sjálfseftirlit með losun koltvísýrings;

að dýpka norrænt samstarf á sviði sjálfbærrar hönnunar og byggingarvinnu með það að markmiði að auka veg bygginga með lága orkuþörf og bestu starfshátta fyrir auðlindanýtni í geiranum og auka þannig samkeppnishæfni í byggingariðnaði landanna. Í þessu sambandi ætti einnig að taka tillit til sérstakra aðstæðna á norðurskautssvæðinu;

að efna til ráðstefnu með þátttöku Norrænu ráðherranefndarinnar/ríkisstjórnanna, aðila í byggingariðnaði og fulltrúum stéttarféлага til að greiða fyrir gagnkvæmum skilningi allra hlutaðeigandi aðila og auka getu þeirra til að skiptast á upplýsingum.

Bakgrunnur

Vistferilshugsunin er grundvallaratriði fyrir sjálfbærni og velferð á Norðurlöndum í framtíðinni. Flokkahópur miðjumanna telur tímabært að endurhugsa það hvernig við byggjum, ekki bara út frá þörf hverju sinni heldur með hliðsjón af vistferli til lengri tíma. Þær byggingar sem við reisum nú eiga að geta orðið að öðrum byggingum seinna meir. Efla á endurvinnslu og draga úr losun koltvísýrings í byggingargeiranum.

Bygging og niðurrif mannvirkja er ein stærsta uppspretta úrgangs á Norðurlöndum. Innan ESB er áætlað að slíkur úrgangur nemi um 25–30 prósentum af heildarúrgangi. Nokkuð vantar upp á samræmda tölfræði yfir þennan úrgang, flokkun á honum og eftirlit með útflutningi úrgangs. Einnig er nokkuð misræmi í þessum efnunum á milli norrænu landanna. Þetta var skilgreint sem vandamál af framkvæmdastjórn



Evrópusambandsins þegar árið 2011 og einnig í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar frá árinu 2017, „Shipments of greenlisted waste: a Nordic survey“. Evrópusambandið hefur skráð úrgang af völdum byggingar og niðurrifs (CDW) sem forgangsmál, þ.e. að málaflokkurinn skuli njóta forgangs vegna mikilla sóknarfæra hvað varðar endurvinnslu, sparnað og minnkaða losun á koltvísýringi. Markaður fyrir endurunnið efni er til staðar, sem og hagkvæm tækni til að nýta úrgang af þessu tagi. Þrátt fyrir að ESB hafi sett sér það markmið að minnst 70 prósent af CDW (reiknað út frá þyngd) yrðu endurunnin árið 2020 er raunhlutfallið í aðildarríkjum sambandsins á bilinu 10 til 90 prósent.

Nauðsynlegt er að horfa til sjálfbærnisjónarmiða og sjálfbærrar hönnunar í byggingarskipulagi í dag. Menntun innan geirans þarf að vera til þess fallin að efla auðlindanýtni og endurvinnslu, auk þess sem taka þarf mið af heildarvistferli bygginga. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ljáð máls á aðgerðum til að örva eftirspurn eftir og notkun á auðlindanýtnum aðferðum í byggingariðnaði með því að áætla kostnað vistferla og ákjósanlegar fjármögnunarákvarðanir út frá þeim. Framkvæmdastjórnin hefur einnig lýst vilja til að þróa hvata til þess að umbuna byggingaraðilum fyrir auðlindanýtni, auk þess að efla sjálfbæra nýtingu á viði sem byggingarefni.

Dæmi eru um það í atvinnulífinu að tekið sé mið af vistferlinu, svo sem framleiðslu, rekstri, viðhaldi, orkunotkun og endurvinnslu, sem stuðlar að því að draga úr losun koltvísýrings og lækka útgjöld til lengri tíma litið. Í sementiðnaði í Svíþjóð er framtíðarsýnin sú að losun koltvísýrings verði engin árið 2030. Þegar sement er framleitt losnar koltvísýringur við hitun á kalksteini. Sementframleiðendur vinna ötullega að því að ná settum loftslagsmarkmiðum, meðal annars með því að auka orkunýtni og nýta lífoldsneyti og tækni til sundurgreiningar koltvísýrings.

Besta leiðin til að gera byggingar umhverfisvænni til lengri tíma litið er þó að auka nýtingu á sjálfbærum viði sem byggingarefni. Þá er öðrum efnum, svo sem stáli og steinsteypu, skipt út með óbeinum hætti en framleiðsla á þessum efnum veldur losun koltvísýrings. Notkun á viði stuðlar einnig að betri auðlindanýtingu í byggingarvinnu, þar sem hann er léttara efni og grunnar þurfa þá ekki að vera eins sterkir og ella. Þegar litið er til fjölbýlishúss sem reiknað er með að standi í 50 ár, verða 40% af heildarlosun koltvísýrings við sjálfa byggingu hússins. Þegar allt er saman talið verða mestu umhverfisáhrifin við framleiðslu á byggingarefni. Val á efniviði er því afar mikilvægt. Í greiningum á vistferlum tveggja fjölbýlishúsa af svipaðri stærð, einu úr steinsteypu og hinu úr gegnheilum viði, kom í ljós að losun af völdum viðarhússins var helmingi minni en losun af völdum steinsteypuhússins. Þrátt fyrir það er viður aðeins uppistöðuefni í einu af hverjum tíu húsum sem byggð voru í Svíþjóð árið 2016. Brunareglugerðir hafa löngum staðið í vegi fyrir byggingu fjölhæða húsa úr viði, en talsmenn Konunglega tækniháskólans í Stokkhólmi hafa sagt að vanþekking sé ein helsta ástæða þess að viður hafi ekki rutt sér til rúms í meiri mæli sem byggingarefni stærri mannvirkja. Auk þess að endurskoða ákvarðanatöku og menntun innan geirans þurfa norrænu löndin líka að forgangsraða viði sem byggingarefni í opinberri ákvarðanatöku. Í Kanada voru sett lög árið 2009 undir yfirskriftinni Wood First Act



sem kveða á um að viður skuli ávallt vera fyrsta val þegar byggt er á vegum hins opinbera. Viðarbyggingaráætlun finnska umhverfisráðuneytisins frá 2016, sem nú hefur verið framlengd til 2021, gerir viði hátt undir höfði í nýsköpunarstarfi Finnlands til að minnka loftslagsspor af völdum byggingar og húsaýndingar. Þetta er þarft skref í þá átt að efla þekkingu, nýsköpun og umfram allt draga úr loftslagsáhrifum af völdum bygginga í framtíðinni.

Til að búa í haginn fyrir frekari byggingu og ekki síst endurbyggingu mannvirkja í loftslagsvænu samfélagi þarf að stuðla að bættu verklagi í geiranum. Bætt verklag í byggingariðnaði og nýtingu á byggingum innan ESB myndi hafa áhrif á 42% af endanlegri orkunotkun, um 35% af losun gróðurhúsalofttegunda og meira en 50% prósent af öllu nýttu efni. Þetta kynni einnig að skila allt að 30% sparnaði á vatni. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lýst því yfir að þær byggingar sem nú standa eigi að gera upp sem nemi 2% á hverju ári.

Í tengslum við afgreiðslu nefndarinnar á tillögunni var efnt til málþings um sjálfbærni og hringrásarhugsun í mannvirkjagerð. Á málþinginu voru flutt erindi um hringrásarhugsun í mannvirkjagerð/„zero waste“-notkun á timbri við byggingu mannvirkja, rannsóknir á sjálfbærri mannvirkjagerð, vottun/byggingarstaðla og samræmingu á reglum í byggingariðnaði á Norðurlöndum.

Umsagnir

Þingmannatillagan var lögð fyrir norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndina, en þróun byggingarstaðla er forgangsmál í starfsáætlun nefndarinnar fyrir árið 2019. Í umsögninni kemur fram að flokkahópur jafnaðarmanna taldi að hvetja ætti ráðherranefndina til að efna til ráðstefnu með fulltrúum ráðherranefndarinnar/ríkisstjórnanna, byggingariðnaðarins og stéttarfélaganna til þess að allir sem málið varðar gætu öðlast betri skilning á því og til að efla virka miðlun upplýsinga og samskipti milli slíkra aðila á Norðurlöndum. Að auki bæri í nefndarálitinu að gera grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að vinna að endurnýjun/aðlögun þeirra bygginga sem nú standa, með vísan til þess að flestar byggingar sem um ræðir eru í þeim flokki. Vandinn verði ekki leystur með því að einblína á nýbyggingar. Þá nefndu fulltrúar Norræns frelsis að í álitinu þyrfti að fjalla um þörfina á fjárhagslegri sjálfbærni í tengslum við byggingarframkvæmdir. Flokkahópur norrænna vinstri grænna benti á að leggja þyrfti megináherslu á endurnýjun þeirra bygginga sem nú standa, meðal annars með því að endurnýta byggingarefni eftir föngum í stað þess að farga því.

Álit nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin ítrekar mikilvægi grænna umskipta í byggingariðnaðinum eins og hann leggur sig og þýðingu þess að hafa loftslagshlutlausar lausnir til hliðsjónar á öllum stigum mannvirkjagerðar. Jafnframt þarf að leggja áherslu á að þróa stafræn kerfi sem greitt geta fyrir slíku ferli. Í byggingariðnaði eru gríðarmikil sóknarfæri hvað snertir sjálfbærni og hringrásarhagkerfi og nefndin telur ennfremur að Norðurlönd eigi góða möguleika á að gegna leiðandi hlutverki í þróun á loftslagsnjallari og sjálfbærari byggingariðnaði.



Nefndin telur að leggja eigi áherslu á að kortleggja og endurnýta byggingarefni, hanna sjálfbærar byggingar og skapa hvata fyrir aðila í byggingariðnaði. Þörf mun verða á að fjárfesta í lausnum sem skapa hvata til að þróa sjálfbærar aðferðir og innleiða þær, og nefndin kveður skýrt á um vilja sinn til að efla samkeppnishæfni í norrænum byggingariðnaði svo um muni. Umskipti til loftslagssnjalls og sjálfbærs byggingariðnaðar munu greiða fyrir innleiðingu norrænu landanna á heimsmarkmiðunum og Parísarsamkomulaginu. Mat nefndarinnar er að norrænu löndin ættu að stórauka samstarf sitt um að samræma reglur í byggingariðnaði og þverfaglega vinnu sína á sviðinu. Nefndin telur enn fremur að við umskipti í byggingariðnaði skuli taka tillit til sérstakra loftslagsaðstæðna á norðurskautssvæðinu, þar sem íbúar glíma oft við myglusvepp í húsnæði sínu.

Nefndin skráir hjá sér umsögn sem borist hefur frá norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni, tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram og endurspeglar þau í tilmælum sínum.

Helsingfors, 3. september 2019

Anders Kronborg (S)
Angelika Bengtsson (SD)
Anna-Kaisa Ikonen (saml)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Ingalill Olsen (A)
Ketil Kjenseth (V)
Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Liselott Blixt (DF)
Thomas Jensen (S)
Tillie Martinussen (SP)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Willfred Nordlund (Sp)
Ása Karlsson (S)